

*Berklarnir sem sjúklingurinn var haldinn voru ónæmir fyrir mörgum venjulegum berklalyffjum.*

*Matvæli sem tengjast listeríusýkingum eru mjúkir og ógerilsneyddir ostar, hrár fiskur og unnar kjötafurdur, s.s. niðursneyddur kalkúnn og kæfa.*

## ÆFING Á VIÐBRÖGÐUM VIÐ HEIMSFARALDRI INFLÚENSU

Hinn 10. desember 2007 var haldin æfing um viðbrögð við heimsfaraldri influensu í Samhæfingarstöð almannavarna við Skógarhlíð undir stjórn sóttvarnalæknis og Ríkislögreglustjóra. Æfð voru drög að landsáætlun sem sóttvarnalæknir og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra hafa unnið í sameiningu.

Landinu hefur verið skipt í 15 sóttvarnaumdæmi sem eru í samræmi við lögregluumdæmi landsins. Sóttvarnalæknar umdæmanna og lögreglustjórar umdæma mynda aðgerðarstjórn fyrir hvert sóttvarnaumdæmi. Tilgangur æfingarinnar var að æfa samskipti sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra við æðstu yfirstjórn landsins, aðgerðastjórnirnar 15, Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Sett var á svið atburðarrás sem svipaði mjög til spænsku veikinnar 1918 og olli miklum skaða hér á landi sem annars staðar. Gert var ráð fyrir að heimsfaraldurinn gengi yfir á 12 vikum og fréttainnskot Ríkisútvarpsins voru spiluð á klukkutíma fresti þar sem útbreiðsla influensunnar, afleiðingum hennar og aðgerðum gegn henni var lýst. Mismunandi verkefni voru leyst á óvissustigi, hættustigi og

neyðarstigi almannavarna. Aðgerðir miðuðu að því að hindra að veikin bærist hingað til lands, hún dreifðist um landið, að lækna og líkna sjúkum og að halda uppi nauðsynlegri þjónustu innanlands.

Æfingin stóð yfir í 9 klst. og að henni lokinni héldu þátttakendur fundi til að meta árangur æfingarinnar. Æfingin gekk mjög vel og er óhætt að segja að mikinn lærdóm má draga af henni, sem mun nýtast við gerð viðbragðsáætlana í framtíðinni.



Landinu hefur verið skipt í fimmtán sóttvarnaumdæmi. Smellið á myndina til að skoða stærra kort.

## LISTERÍUSÝKINGUM FER FJÖLGANDI

Frá miðjum október þar til í desemberbyrjun á þessu ári hafa greinst fjögur tilfelli *Listeria monocytogenes* á sýkladeild Landspítalans. Þeir sem urðu fyrir sýkingu eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu og eru á aldrinum 58–85 ára. Á síðastliðnum 10 árum hafa greinst samtals fjögur tilfelli af listeríu héraðs og er þetta því greinileg aukning tilfella. Uppruni sýkingarinnar er óþekktur, en sóttvarnalæknir hefur hafið rannsókn á málinu.

Smitleið *Listeria monocytogenes* er með matvælum. Helstu matvæli sem tengjast listeríusýkingum eru mjúkir og ógerilsneyddir ostar, hrár fiskur, einkum kaldreyktur, og grafinn lax, svo og unnar kjötafurdur eins og niðursneyddur kalkúnn og kæfa. Matvælin geta mengast hvar sem er í framleiðsluferlinu. Bakterían drepst við hitameðhöndlun (suðu og steikingu).

*Listeria monocytogenes* veldur nánast aldrei sjúkdómi hjá fullfrísku ungu fólki þrátt fyrir neyslu matvæla sem eru menguð með bakteríunni. Það sem helst eykur hættu á sýkingu er hár aldur, áfengisneysla og ónæmskerðing (t.d. einstaklingar í ónæmisbælandi meðferð vegna krabbameins eða langvinnra sjúkdóma). Nýfædd börn og fóstur í móðurkviði eru einnig í aukinni hættu, móðirin fær einungis væg einkenni en sýkingin getur leitt til alvarlegra sýkinga hjá barninu eða föstrinu. Alvarlegar sýkingar af völdum *Listeria monocytogenes* eru blóðsýking og heilahimnubólga.

Meðgöngutími sýkingarinnar, þ.e. tíminn sem líður frá smiti til sjúkdómseinkenna, er að meðaltali þrjár vikur en getur verið allt frá 3–70 dagar.